

**Nd. 168. Frumvarp til laga [124. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Fhm.: Jónas Pétursson. Eysteinn Jónsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Benedikt Egilssyni, bónda, Volaseli, Bæjarhreppi, eyðijörðina Krossaland í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni ábúanda Volasels. Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur gefið svofellda umsögn:

Jörðin Krossaland er umlukt vötnum, Laxá að vestan, en Jökulsá að austan, og allt um kring, þegar hún vex.

Vötn þessi hafa stöðugt sorfið úr landinu, og hefur ágangur Jökulsár sérstaklega aukizt í seinni tíð, vegna fyrirhleðslu frá austur-landi.

Útilokað virðist með öllu, að búið verði framár í Krossalandi, og teljum við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Bæjarhreppi æskilegt, að Benedikt Egilsson, — eigandi Volasels, — sem helzt gæti nýtt jörðina eitthvað, gæti fengið hana keypta.

Bæjarhreppi, 27. nóv. 1969.

Egill Benediktsson,  
oddviti.

Karl Guðmundsson. Þorsteinn Geirsson. Ólafur Bergsveinsson. Sighvatur Davíðsson.